



Sjálfbærnistefna

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Ágúst 2023



1.	Inngangur	3
2.	Skuldbindingar og heimsmarkmið	3
3.	Starfsemi	5
4.	Ábyrgar fjárfestingar	6
4.1.	Grunnviðmið	6
4.2.	Aðferðarfræði	7
4.3.	Stýring eignasafns út frá UFS-þáttum	7
4.4.	Virkt eignarhald	8
4.5.	Upplýsingagjöf	8
5.	Gildissvið og ábyrgð	9

1. INNGANGUR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tryggir sjóðfélögum sínum og fjölskyldum þeirra víðtæk réttindi. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (nr. 1/1997) og laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (nr. 129/1997). Sjóðurinn starfar í fjórum deildum: A-deild, B-deild, Séreign LSR og Tilgreindri séreign. Hver deild hefur aðskilinn fjárhag og kunna deildirnar að hafa ólíkra hagsmuna að gæta af einstökum málum. Í stefnu þessari er vísað til deildanna sem „sjóðsins“ eða „LSR“, ýmist sameiginlega eða með tilliti til einstakra deilda eftir því sem við á.

Tilgangur sjálfbærnistefnu LSR er að lýsa megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn tileinkar sér þær áherslur í starfsemi sinni. Stefnan tekur til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum sínum. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi og er hún studd af öðrum stefnum, reglum og leiðbeiningum sjóðsins.

Með sjálfbærni er átt við að uppfylla þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða þarfir komandi kynslóða og stuðla að á sama tíma jafnvægi milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnarháttar. Til að ná framangreindu markmiði horfir sjóðurinn því til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar (UFS) í innri starfsemi og við fjárfestingar:

Umhverfislegir þættir snúa að því hvernig fyrirtæki gæta að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni.

Félagslegir þættir snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, viðskiptavini, birgja og hagaðila.

Stjórnarhættir snúa að stjórnun fyrirtækja, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

2. SKULDBINDINGAR OG HEIMSMARKMIÐ

LSR er aðili að [UN PRI](#) sem eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna að því að innleiða grundvallarviðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment) en LSR hefur undirritað þau viðmið og hefur þar með skuldbundið sig til að horfa til UFS-þátta við mat og ákvarðanir á fjárfestingum.



LSR er einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem hefur skrifað undir viljayfirlýsingu á vegum [CIC – Climate Investment Coalition](#), en tilgangur samtakanna er að stuðla að auknum fjárfestingum í hreinum orkugjöfum og umhverfisvænum lausnum. LSR hefur sett sér það markmið að fjárfesta fyrir 100 milljarða króna í hreinum orkugjöfum og umhverfisvænum lausnum til ársins 2030. Með þátttöku sinni leggur LSR sitt á vogarskálarnar til að markmiðum Parísarsáttmálans um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verði náð.

LSR er aðili að [Festu — miðstöð um sjálfbærni](#). Markmið Festu er að efla þekkingu á sjálfbærum rekstri meðal fyrirtækja, stofnana og annarra aðila og hvetja til samstarfs og aðgerða á því sviði. Með því að tengja saman ólíka aðila á borð við fyrirtæki, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga stuðla samtökin að samstarfi og aðgerðum sem auka sjálfbærni í samfélaginu.

LSR er meðal stofnaðila [IcelandSIF – Iceland Sustainable Investment Forum](#). Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður í þeim málefnum.

[Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa innleitt markmiðin, þar á meðal Ísland. Markmiðin eru ákall um aðgerðir sem ætlað er að bæta lífsskilyrði. LSR horfir m.a. til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í tengslum við áherslur sínar á sjálfbærni. Sjóðurinn hefur ákveðið að styðja sérstaklega við þrjú þeirra, bæði í starfsemi sinni sem og fjárfestingum, þó svo að öll skipti þau máli við sjálfbæra þróun á heimsvísu.



3. STARFSEMI

LSR stefnir á að vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni með hliðsjón af alþjóðlegum og viðurkenndum UFS-viðmiðum og sýna þannig gott fordæmi.

U



LSR hefur það að markmiði að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið. Sjóðurinn leitast við að varðveita auðlindir, draga úr úrgangi og kolefnisspori og endurvinna þar sem hægt er.


Markmið

- Flokka og endurvinna
- Draga úr matarsóun
- Hvetja til vistvænna samgangna
- Stuðla að sjálfbærum innkaupum
- Fylgjast með umhverfisáhrifum sjóðsins
- Fræðsla til starfsfólks

Hvernig

- Umhverfisáætlun
- Samgöngustefna
- Fjarvinnustefna

F



LSR leggur áherslu á jafnrétti í starfsemi sinni og setur heilbriggt og öruggt starfsumhverfi í forgang. Heilsa starfsfólks og örugg vinnuskilyrði eru sjóðnum mikilvæg.

Markmið

- Jafnrétti
- Góð vinnuskilyrði og öruggt starfsumhverfi
- Ánægt og helgað starfsfólk

Hvernig

- Mannauðsstefna
- Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun
- Fjarvinnustefna
- Stefna gegn einelti, kynferðislegu og kynbundu áreitni
- Stefna um vinnuvernd
- Áhættumat vegna aðbúnaðar- og hollustuhátta

S



LSR viðhefur góða stjórnarhætti og stuðlar að traustum samskiptum og hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í starfsemi sjóðsins. Sjóðurinn varðveitir gögn og upplýsingar með öruggum hætti.

Markmið

- Draga úr hagsmunaárekstrum
- Stuðla að forvörnum gegn mútum og spillingu
- Gæta að ákvarðanir séu teknar á hlutlægan og vandaðan hátt
- Aukið netöryggi og öryggi gagna
- Tæknileg framþróun

Hvernig

- Innra eftirlit og áhættustefna
- Hagsmunaskráning
- Starfskjarastefna
- Starfsreglur stjórnar
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti LSR
- Stjórnarháttayfirlýsing
- Eigendastefna
- Siða- og samskiptareglur
- Upplýsingaöryggisstefna
- Reglubók upplýsingaöryggis

Umhverfismál

Það er stefna sjóðsins að draga úr vistspori sínu með markvissum aðgerðum. Sjóðurinn er með samgöngustefnu sem hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna ferðamáta. Fjarvinnustefnu sjóðsins er jafnframt ætlað að draga úr kolefnisspori starfsfólks LSR. Til að fylgja eftir lykilupplýsingum LSR í umhverfismálum er notast við hugbúnaðarlausn á sviði umhverfis- og loftslagsmála sem veitir aðgang að sjálfbærniupplýsingum eins og losun úrgangs og orkunotkun. Upplýsingar varðandi umhverfismál verða birtar árlega samhliða ársskýrslu LSR.

Félagslegir þættir

LSR hefur sett sér mannauðsstefnu sem er m.a. ætlað að vera hvatning jafnt fyrir starfsfólk og stjórnendur til þess að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi. Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi og fræðslustefna hafa verið innleiddar til að auka vellíðan í starfi, bæði hvað varðar starfsumhverfi og starfsanda og til þess að auka faglega þekkingu og hæfni starfsfólks. Til að tryggja öruggt vinnuumhverfi hefur sjóðurinn framkvæmt áhættumat á aðbúnaði og hollustuháttum og sett sér stefnu um vinnuvernd. Sjóðurinn hlaut jafnlaunavottun árið 2021 og starfar í samræmi við jafnlaunastefnu þar sem sjóðurinn skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Sjóðurinn hefur einnig sett sér jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla.

Stjórnarhættir

LSR hefur sett sér siða- og samskiptareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Markmið reglnanna er að stuðla að góðu siðferði, starfsháttum og samskiptum. Til að draga úr hættu á hagsmunaráreikstrum viðheldur sjóðurinn hagsmunaskráningu sem er uppfærð reglulega. Stjórn sjóðsins hefur sett sér stefnur, reglur og verklag til að stuðla að góðum stjórnarháttum og gætir að með virku innra eftirliti að farið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins. Áhættustefna sjóðsins lýsir þeirri áhættu sem stjórn sjóðsins er tilbúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Upplýsingaöryggi er einn af hornsteinum starfseminnar og með því gætir sjóðurinn að viðeigandi öryggi sé ávallt til staðar með reglubók upplýsingaöryggis, reglulegri fræðslu um málaflökkinn til að efla áhættuvitund starfsfólks og prófunum. Sjóðurinn fylgist með og innleiðir tæknilega framþróun.

4. ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

4.1. GRUNNVÍÐMIÐ

Langtímafjárfestir

LSR er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun á eignum sjóðsins. LSR leitast einnig við að vera ábyrgur fjárfestir sem stuðlar að góðum starfsháttum á fjármálamarkaði og sýnir það í verki með því að huga að gæðum samfélagsins, stöðugleika og fjölbreytni við fjárfestingaákvæðanir sínar.

Umboðsskylda

LSR hefur hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu og við ávöxtun eigna lífeyrissjóðsins. Ein af þeim skyldum sem hvíla á LSR er að setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. UFS-þættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestingaákvæðanir og eftirfylgni þar sem ofangreindir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma.


Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 hefur jafnframt verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um sjálfbærniupplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingaákvörðanir.

Sjálfbærni og samkeppnishæfni

Að mati LSR hafa UFS-þættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

4.2. AÐFERÐARFRÆÐI

Fjárfestingar eru gerðar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Tekið er tilliti til viðeigandi áhættu, þar með talið langtímaáhættu sem getur falist í umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum (áhætta tengd sjálfbærni). Mat á áhættu tengdri sjálfbærni er því hluti af fjárfestingarákvörðun sjóðsins. Til að styðja við ábyrgar fjárfestingar sjóðsins hefur LSR mótað aðferðafræði sem byggir á leiðarvísi frá PRI (Principles for Responsible Investment) þar sem ábyrgar fjárfestingar eru skilgreindar sem stýring á eignasafni út frá UFS-þáttum og framkvæmd virkrar eigendastefnu. LSR hefur byggt upp þekkingu og getu, bæði hjá starfsfólki og stjórn, til að gera sjóðnum kleift að greina og meta þá áhættuþætti sem tengjast fjárfestingum.



4.3. STÝRING EIGNASAFNS ÚT FRÁ UFS-ÞÁTTUM

Við nýfjárfestingu er félögum og rekstrarfélögum sjóða sendur spurningalisti sem tengist umhverfislegum og félagslegum þáttum ásamt stjórnarháttum. Jafnframt er stuðst við UFS-skýrslur frá þriðja aðila og samfélagsskýrslur útgefnar af þeim félögum sem verið er að skoða. Saman mynda þessi gögn grunn að því UFS-áreiðanleikamati sem framkvæmt er við nýfjárfestingar.

LSR leitast við að þau félag sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. LSR hvetur þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í að sýna gagnsæi þegar kemur að UFS-málefnum og skýra frá því, í ársskýrslu eða samfélagsskýrslu, hvernig fyrirtækið fylgi almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði svo sem heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, UFS-viðmiðum kauphallarinnar eða leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Framangreint á jafnframt við um rekstrarfélög fyrir hönd þeirra sjóða sem þau starfrækja, verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði sem og útgefendur annarra fjármálagerninga.

LSR leitast við að fjárfestingar sjóðsins hafi jákvæð áhrif á umhverfismál og félagslega þætti og styðji á sama tíma við þau heimsmarkmið sem sjóðurinn hefur valið sér. Fjárfestingar í félögum og sjóðum sem stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa sem og aukin fjárfesting í skuldabréfum sem gefin eru út undir grænum eða félagslegslegum fjármögnunaramma vega þar þyngst. Einnig er litið til fjárfestinga í verkefnum sem stuðla að jákvæðum áhrifum á loftslagsmál sem og verkefni sem falla undir að styðja við hringrásarhagkerfi heimsins auk annarra gjaldgengra verkefna undir flokkunarkerfi Evrópusambandsins. Með þessu styður sjóðurinn við þau markmið sem hann hefur sett sér um fjárfestingu í sjálfbærum verkefnum.

4.4. VIRKT EIGNARHALD

Í eigendastefnu sjóðsins eru tilgreindir þeir meginþættir sem sjóðurinn beitir sér fyrir í stjórnarháttum fyrirtækja. Sjóðurinn leggur áherslu á að vera ábyrgur fjárfestir, stuðla að góðum starfsháttum á fjármagnsmörkuðum og að eiga virkt og uppbyggilegt samtal við þau félag sem fjárfest er í. Samskipti við félögin geta hvort heldur verið að frumkvæði sjóðsins, þar sem hann kemur sjónarmiðum sínum um einstök málefni eða málaflokka á framfæri að fyrri bragði, eða verið sett fram sem viðbragð við einstökum atburðum hjá hverju félagi, til dæmis þegar brugðist er við tillögum til hluthafafundar. LSR leggur áherslu á að samskipti sjóðsins fari samkvæmt þeim viðmiðum sem hvert félag hefur sett sér og á þann hátt að samræmist skyldum viðkomandi aðila og reglum á fjármagnsmörkuðum.

LSR hvetur þau félag sem hann fjárfestir í að veita góða og gagnsæja upplýsingagjöf varðandi rekstur og fjárhagslega stöðu. Mikilvægt er að félag fari eftir lögum og reglum sem um þau gilda og sýni af sér gott viðskiptasiðferði. Jafnframt telur LSR mikilvægt að virkt eftirlit sé til staðar hjá félögum og að áhættustýring sé fullnægjandi.

Sjóðurinn leggur áherslu á að mæta til hluthafafunda og taka virkan þátt í afgreiðslu þeirra mála sem þar koma til afgreiðslu. Á vettvangi sjóðsins er farið gaumgæfilega yfir þær tillögur sem koma fyrir hluthafafundi og tekin afstaða til þeirra. Þá er metið hvort ástæða sé til að sjóðurinn geri sjálfur tillögur til hluthafafunda. LSR telur rétt að virkt samtal á milli útgefenda og fjárfesta liggi til grundvallar þeim ákvörðunum sem hluthafafundur tekur. Hafi stjórn félags gert viðhlítandi grein fyrir tillögum sínum og hvernig þær tryggja hagsmuni hluthafa til lengri tíma greiðir LSR almennt atkvæði með þeim. Velji sjóðurinn að fara gegn tillögum stjórnar eða annarra hluthafa mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni í aðdraganda hluthafafundar, á hluthafafundi eða eftir hann, í samræmi við hagsmunamat sitt. Í eigendastefnu sjóðsins er gerð nánari grein fyrir áherslupáttum sjóðsins um stjórnarhætti félaga.

4.5. UPPLÝSINGAGJÖF

LSR leggur áherslu á aukið gagnsæi og upplýsingagjöf í þáttum tengdum sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum. Árangur af stefnu þessari skal birtur með reglulegum hætti, á heimasíðu sjóðsins eða með öðrum hætti, t.a.m. í ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningi sjóðsins eða ársskýrslu. Sjóðurinn birtir jafnframt upplýsingar á heimasíðu sinni um beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum skráðra innlendra hlutafélaga.

5. GILDISSVIÐ OG ÁBYRGÐ

Stefna þessi er sett af stjórn LSR og skal endurskoðuð reglulega. Öllu starfsfólki sjóðsins ber að starfa í samræmi við hana. Allar breytingar á stefnunni skulu vera samþykktar af stjórn. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á endurskoðun stefnunnar og sér til þess að starfsfólk sjóðsins sé upplýst um stefnuna og geti tileinkað sér hana við dagleg störf.

Stefnuna skal birta á heimasíðu sjóðsins.

Samþykkt af stjórn LSR 30. ágúst 2023